

10. gr.

19

13. apríl

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og VII. kafli framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959, og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

20

21. apríl

um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. efnismálsgr. 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

2. og 3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestar þessir skulu hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði, svo og húsaleiga ferðaprests þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins. Kostnaður greiðist samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.